

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, og fjárlög fyrir árið 2023 hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

**a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**

á veitusvæði HS Veitna	7,49 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli*	10,95 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	7,49 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli*	9,34 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	6,76 kr./kWst.,
á veitusvæði Veitna ohf.	6,52 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	6,66 kr./kWst.

\* Niðurgreiðslur í dreifbýli taka mið af dreifbýlisframlagi eins og það var 31. desember 2022 hjá dreifiveitum með heimild til dreifbýlisgjaldskrár.

**b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**

RARIK	5,07 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða	5,56 kr./kWst.,
HS Veitur	147,80 kr./m <sup>3</sup>

**c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðalverði niðurgreiddrar raforku til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

**d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2023, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi tók gildi 1. janúar 2023.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 7. febrúar 2023.*

F. h. r.

**Sigríður Svana Helgadóttir.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*